

# Fagráð í hrossarækt

## 93. fundur

Staður og stund: Símafundur, fimmtudaginn 30. apríl 2020 kl. 20:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Gunnar Kristinn Eiríksson, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir, Hulda Gústafsdóttir, Siguroddur Pétursson og Þorvaldur Kristjánsson.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning.
  2. Landssýning 2020
  3. Reglur um afkvæmaverðlaun og -sýningar
1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólki velkomið. Þessi fundur var haldin í gegnum símann þar sem aðstæður vegna Covid-19 komu í veg fyrir venjulegan fund og það var brýnt að ræða fyrirhugaða landssýningu kynbótahrossa og reglur um afkvæmaverðlaun og -sýningar.
  2. Landssýning kynbótahrossa. Farið var yfir fyrirhugaða Landssýningu kynbótahrossa, sem Félag hrossabænda standa að í samvinnu við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Rangárbakka ehf., Horses of Iceland verkefnið og Eiðfaxa. Þar sem landsmót var fellt niður var ákveðið að skapa hrossaræktinni hátíðisdag; vettvang til að verðlauna hæstu hross vorsins en einnig til að verðlauna afkvæmahesta þannig að ekki þyrfti að bíða með það til næsta landsmóts sem verður árið 2022.  
Fyrirkomulag á Landssýningu:
    - Um er að ræða einn dag sem haldin verður á Gaddstaðflötum við Hellu en það verður laugardaginn 27. júní. Áhorfendum verður hleypt inn á svæðið í samræmi við þær reglur stjórnvalda sem gilda um smitvarnir vegna Covid-19 á þessum tíma. Viðburðinum verður streymt á netinu og geta áhorfendur þar valið um þrjú tungumál; íslensku, ensku og þýsku.
    - Verðlaunuð verða 10 efstu hrossin í öllum flokkum hryssna og stóðhesta og verður röðun hrossa byggð á aðaleinkunn þeirra frá vorsýningum.
    - Stóðhestar með fyrstu- og heiðursverðlaun verða sýndir með afkvæmum og verða þær sýningar byggðar á endurskoðuðum reglum um afkvæmaverðlaun, sjá að neðan.
    - Þeir verðlaunagripir, farandgripir, sem veittir eru efstu hrossum í einstaklingssýningum á landsmótum og til handa efstu afkvæmahestum verða veittir á landssýningunni. Nokkur umræða var um þennan lið en einróma samþykkt að gera þetta á þennan veg. Bæði er þetta hátíðlegt og einnig í raun nauðsynlegt í flokkum afkvæmahesta, þar sem ekki er hægt að verðlauna til dæmis efsta hest til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi án þess að veita honum Sleipnisbikarinn. Þar sem skipulagsskrár bikaranna kveða á um að bikarinn skuli veittur á Landsmótum hafði Þorvaldur samband við gefendur bikaranna og fékk í öllum tilvikum samþykki þeirra fyrir þessari tilhögun. Þrjú bikaranna voru samkvæmt skipulagsskrám útrunnir. Það voru Ljónslapparbikarinn sem hefur verið veittur efstu fjögurra vetra hryssunni á Landsmótum, Náttfarabikarinn sem veittur hefur verið efsta fjögurra vetra stóðhestinum og

Eyfirðingsbikarinn sem veittur hefur verið þeim stóðhesti sem stendur efstur með fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi á Landsmótum. Þessir bikarar hafa verið afhentir Landssambandi hestamannafélaga til varðveislu eins og skipulagsskrár þeirra kveða á um.

3. Þá voru ræddar og samþykktar nýjar eða endurskoðaðar reglur um afkvæmaverðlaun og -sýningar. Aðalbreytingarnar eru þær nú er horft bæði til aðaleinkunnar og aðaleinkunnar án skeiðs í kynbótamatinu. Einnig að nú er það þannig að stóðhestar hljóta afkvæmaverðlaun (fyrstu- eða heiðursverðlaun) án þess að mæta með afkvæmahóp á stórmót, upplýsingarnar fara inn í WorldFeng og staðfesting á þessum verðlaunum. Mæting með afkvæmi á stórmót er engu að síður skilyrði verðlauna á mótinu. Þeir hestar sem mæta ekki með hóp á stórmót og hljóta verðlaun þar verða engu að síður að fá viðurkenningu á haustfundi fagráðs þar sem árlegt uppgjör ársins fer fram. Þá var rætt um þann fjölda sem fylgir hestunum á stórmótum, nú er talað um að það eigi að vera 6 afkvæmi með stóðhestum til fyrstu verðlauna og 12 með stóðhestum til heiðursverðlauna. Aðalástæðan fyrir fjölda viðmiðum í þessum afkvæmahópum er að gefa ræktendum góða yfirsýn yfir þá hestgerð sem hver hestur er að gefa og í raun ekki sanna kynbóttagildi sitt (með einhverjum miklum fjölda). Niðurstaðan var að halda sig við 6 afkvæmi með fyrstu verðlauna hestum en fækka afkvæmum sem fylgja heiðursverðlauna hestum; úr 12 í 10. Reglurnar eru nú sem hér segir:

### **Reglur um afkvæmaverðlaun og -sýningar.**

Lágmörk til verðlauna fyrir afkvæmi eru sem hér segir:

-Stóðhestar 1. verðlauna fyrir afkvæmi:

118 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs og a.m.k. 15 dæmd afkvæmi

-Stóðhestar heiðursverðlaun:

118 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs og a.m.k. 50 dæmd afkvæmi

-Hryssur heiðursverðlaun:

116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs og a.m.k. 5 dæmd afkvæmi

Hryssur koma ekki til sýningar með afkvæmum, heldur eru þeim hryssum sem ná heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi veittar viðurkenningar á haustráðstefnu fagráðs í hrossarækt. Stóðhestar sem ná fyrstu- eða heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi hljóta einnig viðurkenningu á haustráðstefnu fagráðs.

Afkvæmasýning á stóðhestum, sem hljóta fyrrgreind verðlaunastig, á stórmótum (s.s. lands- eða fjórðungsmótum) eða landssýningum er valkvæð en er forsenda verðlauna á mótunum og byggir þá röðun hestanna innbyrðis á aðaleinkunn kynbótamatsins. Um sýningu á stóðhestum með afkvæmum gilda eftirfarandi reglur:

- Fjöldi afkvæma sem fylgja skal stóðhestum í afkvæmasýningu skal vera sem hér segir: stóðhestar til heiðursverðlauna 10; stóðhestar til 1. verðlauna 6.
- Um útfærslu á sýningu skal samráð haft við sýningarstjórn og mótshaldara á hverjum stað.

- Öll afkvæmi sem koma fram í afkvæmasýningu skulu hafa hlotið kynbótadóm.
- Afkvæmahestar geta einungis komið einu sinni til sýninga í hvert verðlaunastig á lands- og fjórðungsmótum þ.e. til 1. verðlauna og heiðursverðlauna og þeir þurfa að vera á lífi og staðsettir á Íslandi. Eignarhald skiptir engu um þátttöku né verðlaunun.
- Dómnefnd skal semja dómsorð er lýsi þeim meginþáttum sem einkenna afkvæmahópinn.
- Sömu reglur gilda almennt um búnað og annað við afkvæmasýningar og þær sem gilda um almennar kynbótasýningar og gert hefur verið grein fyrir hér að framan. Hvað varðar járnningar er þó heimilt að veita undanþágu frá þessum reglum þegar um er að ræða sýningahross í afkvæmahópi sem skráð er til þátttöku í gæðinga- eða íþróttakeppni á sama móti. Í slíkum tilvikum er heimilt að fara eftir reglum LH/FEIF um járnningu. Þetta á þó eingöngu við um þátttöku hrossins í afkvæmasýningunni sjálfri en ekki ef um er að ræða sýningu þess til kynbótadóms.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 21:30

Við þennann: Þorvaldur Kristjánsson